



Hafnarfjörður 06.07.2021

### **Efni: Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa óska eftir húsnæði**

Við hjá Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi erum að skoða hentugt framtíðarhúsnæði fyrir samtökin og starfsemi SamfésPlús - Þekkingarmiðstöðvar ungs fólks.

Samfés vinnur m.a. að því að auka samskipti, samvinnu og samstarf félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á landinu og stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á vettvangi með ráðstefnum, námskeiðum og viðburðum sem eru mikilvægur hluti símenntunar starfsfólks. Starfsemi Samfés sem landssamtök hefur þróast ört á síðustu árum með fjölbreyttum viðburðum, samstarfsverkefnum sem tengjast forvörnum, menntun, heimsmarkmiðunum og málefnum ungs fólks. Aðildarfélagar Samfés eru samtals 126 á landsvísu.

SamfésPlús er nýtt verkefni sem fór af stað á haustmánuðum árið 2020, markhópur verkefnisins er ungt fólk á Íslandi á aldrinum 10-25 ára. Plúsinn - Þekkingarmiðstöð mun vera viðbót við það frábæra starf sem þegar er í gangi fyrir þennan aldurshóp með því að skapa tengingar milli aðila og auka sýnileika á starfi allra aðildarféлага Samfés á landsvísu.

Með tilkomu Samfésplús erum við nú að skoða leita af hentugu húsnæði þar sem hægt er að tengja bæði dagleg starfsemi samtakanna og Plússins - þekkingarmiðstöðvar ungs fólks þar sem bæði ungt fólk og starfsfólk á vettvangi á landsvísu getur leitað upplýsinga, fengið ráðgjöf og stuðning, tekið þátt í jafningjafræðslum, námskeiðum, óformlegu námi og sjálfboðnu starfi.

Sérstök áhersla er lögð á vellíðan og andlega heilsu þeirra sem koma í Plúsinn. Það er mikilvægt að koma til móts við ungmenni á þeirra forsendum og gera Plúsinn aðgengilegan öllum þeim sem vilja koma og fá upplýsingar, fræðslu, taka þátt í viðburðum, eiga samtalið við fagfólkið á staðnum eða bara kíkja í kaffi og kleinu. Plúsinn verður lifandi þekkingarmiðstöð

Þar sem markmið og áherslur munu breytast eftir því hvaða málefni unga fólkið leggur áherslur á og hvað er að gerast í samfélaginu.

Við teljum að starfsemi Samfés og Plússins myndi vera jákvæð viðbót við öflugt æskulýðs- og forvarnarstarf Hafnarfjarðarbæjar. Við erum til í að skoða aðstöðu t.d. í Menntasetrinu í gamla Lækjarskóla þar sem hægt væri að byggja upp öflugt framtíðarsamstarf Samfés og Hafnarfjarðarbæjar í tengslum við Plúsinn - Þekkingarmiðstöð ungs fólks.

Hér er hægt að sjá upplýsingar um Samfés <https://simplebooklet.com/samfs>

Kær kveðja,

Victor Berg Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Samfés  
S. 897-5254  
[www.samfes.is](http://www.samfes.is)